



Kosningakæra
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: DMR21090238
Málalyklar: 5.11.3
Eigandi skjals: Hjördís Stefánsdóttir
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 25.10.2021
Dagsetning skjals: 23.10.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Þóra Andrésdóttir"
<thora.andresdottir@gmail.com>

Notandi: "Þóra Andrésdóttir" <thora.andresdottir@gmail.com>
Dagsetning: 23.10.2021 00:02:49
Til: althingi@althingi.is, "Dómsmálaráðuneytið" </o=Exchange Government/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=7b226c19ee054f0ebd711909c773b35a-r06p>
Efni: Kosningakæra

Kærandi: Þóra Andrésdóttir kt. [REDACTED]

Móttækendur:

Alþingi,

Dómsmálaráðuneytið

Kærandi krefst þess að Alþingiskosningarnar 25. september 2021 verði úrskurðaðar ógildar og nýjar kosningar verði á landsvísu.

Kosningalög voru brotin í Norðvesturkjördæmi. Það liggur fyrir játning. Ingi Tryggvason, formaður yfirkjörstjórnar NV kjördæmis játar meira að segja að þetta sé ekki í eina skiptið, heldur hefð!

Skilríki rafrænna ökuskírteina voru ekki örugg í byrjun utankjörfundakosninganna.

Ekki var gætt jafnræðis í kosningunum.

Í utankjörfundakosningunum voru ekki sömu aðstæður á kjörstöðum.

Á sumum kjörstöðum voru listar með bókstöfum flokkanna í kjörklefunum en öðrum ekki. Stimplar með listabókstöfum flokkanna voru sums staðar en ekki á öðrum, eða komu mjög seint. bara rétt fyrir kosningadag. Þetta getur haft áhrif á hvað fólk kýs, sérstaklega þegar svona margir flokkar eru í framboði. Ég veit að sumir voru hálf ringlaðir í kjörklefunum, og ekki alveg vissir hvaða listabókstaf flokkur hans hafði.

Fatlaðir, fólk með elliglöp og fleiri voru ekki sáttir við aðstæður.

Það voru ekki allir flokkar (Sósíalístaflokkurinn) komnir með listabókstaf fyrir en eftir að utankjörfundakosningar voru hafnar.

Auðvitað væri skynsamlegast að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hæfist ekki fyrir en öll framboð eru komin fram. Það þarf að liggja fyrir hverjir eru í framboði - skikka framboð til að skila inn fyrir, eða hefja atkvæðagreiðslu seinna. Fólk þarf þá líka bara að kjósa einu sinni, en ekki mögulega breyta vegna nýrra framboða.

Kjörseðill kosninganna ættu að vera eins hvort sem það eru utankjörfundar eða ekki. Erfitt fyrir fólk ef það vill breyta röðun nafna frambjóðenda eða strika út utan kjörfundar, það þarf þá að muna fullt nafn jafnvel margra..

Þar sem kosningalög hafa verið brotin, traust og trúnaður brostinn, geri ég kröfu um að kosningarnar verði dæmdar ógildar og að kosið verði upp á nýtt á landsvísu. Nú eru öll framboð komin fram, hægt að hafa öll kjörgögn eins, passa upp á að allar aðstæður séu eins og best verður kosið og öll lög haldin..

Endurheimtum traust almennings á lýðræðinu.

Kópavogur, 22. október 2021

Með virðingu,

Þóra Andrésdóttir, [REDACTED]